

7. fundur
Þróunarsamvinnunefndar á árinu 2019
haldinn í Grímsstofu í utanríkisráðuneytinu föstudaginn 18. október 11:00–12:30

Fundargerð

Mætt:

Valgerður Sverrisdóttir formaður, Logi Einarsson, Samfylkingunni, Vilhjálmur Árnason, Sjálfstæðisflokki, Ólafur Garðar Halldórsson, Samtökum atvinnulífsins, Marianna Traustadóttir, ASÍ, Tumi Tómasson, Sjávarútvegsskólanum, Atli Viðar Thorstensen, Rauða krossinum á Íslandi, Ragnar Schram, SOS Barnaþorpum, Ragnar Gunnarsson, Kristniboðssambandinu og Erna Reynisdóttir, Barnaheillum.

Fundinn sátu að auki:

Ágústa Gísladóttir, deildarstjóri og staðgengill skrifstofustjóra PSS, Gísli Þ. Magnússon, skrifstofustjóri rekstrar- og þjónustuskrifstofu, Sara Ögmundsdóttir, sérfræðingur PSS, Erla Hlín Hjálmtýsdóttir, sérfræðingur PSS, Pálína B. Matthíasdóttir, sendiráðsritari og DAC-fulltrúi Íslands í París, Veturliði Þ. Stefánsson, sendifulltrúi laga- og stjórnsluskrifstofu.

Silja Dögg Gunnarsdóttir (Framsóknarflokki), Steinunn Þóra Árnadóttir (Vinstri hreyfingunni – grænu framboði), Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir (Sjálfstæðisflokki) og Anna Elísabet Ólafsdóttir (Háskólanum á Bifröst) tilkynntu forföll. Inga Sæland (Flokki fólksins), Birgir Þórarinnsson (Miðflokki), Sara Elísa Þórðardóttir (Pírötum), Þorsteinn Víglundsson (Viðreisn) og Bjarni Gíslason (Hálparstarfi kirkjunnar) voru fjarverandi.

Nefndarritari: Ragnheiður Kolsöe

Fundur settur kl. 11:00.

1. Fundur settur.

Formaður bauð fulltrúa velkomna á 7. fund nefndar á árinu og tilkynnti að fundargerð 6. fundar teldist samþykkt þar sem engar athugasemdir hefðu borist fyrir umræddan frest.

2. Sundurliðun á kostnaði sem rennur til Íslands (e. in-donor cost) (11:05–11:25).

PSS og rekstrar- og þjónustuskrifstofa ráðuneytisins kynntu heildarframlög til þróunarsamvinnu samkvæmt fjármálaáætlun **2019–2022**. Þá var útskýrt sú aðferð sem er notum við útreikninga á heildarframlögum til opinberrar þróunarsamvinnu. Farið var yfir þá fjárlagaliði sem **renna til Íslands** og einstaka fjárlagaliðir útskýrðir. **Áætlaður kostnaður stofnfjárframlaga af sjóðsstreymi** sem telst til opinberrar þróunarsamvinnu var einnig kynntur. Þar á eftir var **fjármagn til opinberrar þróunarsamvinnu til fjárlagaliða utanríkisráðuneytisins** útskýrt. Farið var yfir rekstrarstöðu þróunarsamvinnuskrifstofu fyrir 2018 auk skiptingar á einstaka fjárlagaliði. Að lokum var tekið fram að vinna við innleiðingu nýrra tilmæla DAC sem snúa að framtali kostnaðar umsýslu vegna flóttamanna á Íslandi (e. in-donor refugee cost) væri á lokametrunum. Sjá nánar kynningu í viðhengi með tölulegum upplýsingum.

Sérfræðingur PSS nefndi jafnframt að unnið væri að uppsetningu gagnvirks þróunarsamvinnuvefs. Hugmyndin væri að auka gagnsæi og auðvelda skattgreiðendum aðgengi að tölulegum upplýsingum.

Nefndarfulltrúar kölluðu eftir staðfestingu á að flutningur þróunarsamvinnuframlaga til varnarmála næstu þrjú árin (2020–2022) væri varanlegur eða hvort til endurgreiðslu kæmi. 300 milljóna króna yfirfærsla á ári myndi meðal annars hafa neikvæð áhrif á ODA-prósentuna og því mikilvægt að komast til botns í málinu. Nefndin mun fjalla um málið á 8. fundi og kemur til greina að skila álitum í framhaldinu.

Nefndarfulltrúar fögnuðu ákvörðun ráðuneytisins um auknar áherslur á þróunarsamvinnu frá og með 1. janúar 2020 en lýstu jafnframt yfir áhyggjum yfir því að áherslubreytingin myndi ekki skila sér í nógu ríkum mæli til þróunarlandanna heldur leiða til aukins innanlandskostnaðar (e. in-donor cost) vegna aukningar í fjármögnun stöðugilda í utanríkisþjónustunni.

Kallað var eftir samanburði á milli ára á framlögum til fátækustu ríkjanna (e. LDCs, least developed countries), frá 2014 til dagsins í dag. Brýnt væri að kanna hvort Ísland gæti enn þann dag í dag staðið við yfirlýsingu sína gagnvart LDCs. Nefndin þyrfti að fá þessar upplýsingar afhentar til umfjöllunar á nefndarfundi. Auk þess þyrfti að skoða þróunarsamvinnuframlög út frá rauntölum þar sem prósentutölur gætu blekkt.

3. Umræða um framlög stjórnvalda til þróunarsamvinnu (frestað).

Ákveðið var að fresta umræðunni og taka fyrir á næsta nefndarfundi. Fimm fulltrúar ÞSN munu leggja fram tillögu og kalla eftir umræðu með það að markmiði að nefndin skili álitni vegna tilfærslu á opinberri þróunarsamvinnu til varnarmála (sjá annan dagskrárlið).

4. Samstarf Íslands á vettvangi OECD DAC (11:48–12:20).

DAC-fulltrúi Íslands með aðsetur í París gerði grein fyrir starfi OECD DAC (þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar) sem Ísland gerðist aðili að árið 2013. Kom fram að hlutverk DAC er ferns konar: efla samhæfingu og nýsköpun í alþjóðastarfi og fjármögnun, setja alþjóðlegan faglegan ramma og staðla, sinna eftirfylgni með skuldbindingum gjafrikja, vinna gögn, greiningar og veita sérfræðiráðgjöf fyrir aðildarríki DAC. Voru áherslum Íslands á vettvangi DAC einnig gerð góð skil og kom fram að Ísland hefur á undanförunum árum talað fyrir skilvirkni í þróunarsamvinnu, að ODA skili sér til fátækustu ríkjanna (LDCs), jafnrétti kynjanna og mannréttindum og auknu samráði við þróunarríkin. Ísland tekur einnig virkan þátt í sérfræðinefndum og hópum á sviði jafnréttis- og umhverfismála, árangursstjórnunar og tölfræði í þróunarsamvinnu auk þess sem DAC-fulltrúi Íslands í París gegnir stöðu formanns hóps sem fjallar um helstu stefnumál DAC. Ísland nýtur góðs af sérfræðiráðgjöf og greiningum DAC auk þess sem jafningjarýni DAC er mikilvægt árangursmælingartæki fyrir þróunarsamvinnu Íslands. Miðannarrýni DAC fer fram í apríl 2020 og er undirbúningur í fullum gangi hjá ÞSS. Má nefna að DAC gefur einnig út tilmæli og má þar helst nefna tilmæli sem fjalla um skilgreiningu á „in-donor refugee cost“, tilmæli um mikilvægi samþættingar (e. „nexus“) og hvernig eigi að fyrirbyggja kynbundið og kynferðislegt ofbeldi í þróunarsamvinnu.

Nefndarfulltrúar þökkðu fyrir gagnlega yfirferð. Spurt var hvort Ísland gæti ennþá staðið við yfirlýstar áherslur. DAC-fulltrúi Íslands svaraði að það væri mikilvægt að endurmeta stöðuna í ljósi þess að kostnaður við móttöku flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd hafi breytt myndinni. Sjá kynningu í viðhengi.

5. Kynning á starfi Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA) (12:20–12:44).

Sérfræðingur ÞSS fór yfir helstu málefni Alþjóðaframfarastofnunarinnar (IDA) sem Ísland leggur talsverða fjármuni í. Framlöggin, sem teljast til opinberrar þróunarsamvinnu, eru stofnfjárframlög og greiddast því beint af fjármálaráðuneytinu. Endurfjármögnun sjóðsins fer fram á þriggja ára fresti og stendur sú vinna yfir um þessar mundir (þ.e.a.s. IDA19). Hverju endurfjármögnunarferli fylgja samningaviðræður gjafaríkja og IDA þar sem málefna- og fjárveitingaráherslur eru ákveðnar. Áherslusvið IDA19 eru jafnréttismál, loftslagsmál, atvinnusköpun og hagræn umbreyting, stofnanir og stjórnhættir og friðaruppbygging. IDA heldur einnig úti viðbragðsglugga vegna hamfara. Sjóðurinn hefur bolmagn til að deila stórum fjárhæðum á skömmum tíma, sbr. 300 milljónir bandaríkjadollara í eboluforvarnir í Mið- og Austur-Afríku. Annar viðbragðsgluggi er til staðar fyrir flóttamenn auk þess sem IDA vinnur jafnt og þétt að því að færa sig nær átakasvæðum og stunda uppbyggingu á innviðum á meðan á átökum stendur. Þessi nálgun hefur reynst vel í Jemen og Sílandi.

6. Breytingar á þróunarsamvinnulögum (12:44–12:50).

Fulltrúi ÞSS og laga- og stjórnvísulskrifstofu fjölluðu um breytingar á þróunarsamvinnulögum (<https://www.althingi.is/lagas/149c/2008121.html>). Núgildandi lög innihalda ákvæði sem eiga ekki lengur við og er því tímabært að uppfæra löggin. Lagabreytingin er á þingmálaskrá utanríkisráðuneytisins haustið 2019.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins sem með málið fara hafa rýnt lagabálka nokkurra annarra ríkja. Nálganirnar eru fyrst og fremst tvær, annars vegar fara lönd þá leið að hafa ítarlega lagabálka og hins vegar minni lagaramma sem nánar er útfærður í reglugerðum og stefnumörkun. Ísland hefur farið síðari leiðina, sem enn er talin heppilegur kostur. Ekki er gert ráð fyrir heildarbreytingum á lögum, heldur breytingartillögum.

Núgildandi lög fjalla m.a. um hlutverk þróunarsamvinnunefndar og bentu sérfræðingar á að gagnlegt væri að fá sýn nefndarinnar á heppilegt hlutverk og fyrirkomulag hennar til framtíðar. Í framhaldi óskaði formaður eftir dæmum frá öðrum löndum til að greiða fyrir umræðu á 8. nefndarfundi 15. nóvember nk.

7. Önnur mál (12:35–12:45).

Þekkingarmiðstöð þróunarlanda: Staðgengill skrifstofustjóra ÞSS bað þróunarsamvinnunefnd að tilnefna einn fulltrúa og einn varafulltrúa til að taka sæti í þriggja manna stjórn Þekkingarmiðstöðvar þróunarlanda. Formanni ÞSN myndi

brátt berast bréf þess efnis frá ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins (sjá bréf í viðhengi auk reglugerðar: <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=d70ef09e-652f-4985-ac39-1ccc16aab224>).

Dagskrá næsta fundar, 15. nóvember, kl. 11:00–12:30:

- 1) Umræða um framlög stjórnvalda til þróunarsamvinnu.
- 2) Umræða um breytingar á þróunarsamvinnulögum.
- 3) Kynning á fjármálaáætlun 2020.
- 4) Kynning á starfi nýrrar deildar ÞSS um málefni Alþjóðabankans.
- 5) Svar ÞSS við álitni ÞSN á jafningjarýni OECD DAC.
- 6) Dagskrárrög 2020 – tillögur og umræða.

Fleira var ekki gert.
Fundir slitið kl. 13:00.